

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 — 1978

Nr. 92.

364

29. ágúst 1978.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 28. ágúst 1978 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

1. gr.

42. gr., b., 2. málsgrein, orðist svo:

Sé fjöldi stúdenta, sem stenst 1. árs próf, meiri en svo að veita megi þeim öllum viðunandi framhaldskennslu við aðstæður á hverjum tíma, getur deildin takmarkað fjölda þeirra, sem halda áfram námi. Jafnan skal þó a. m. k. 24 stúdentum veittur kostur á að halda áfram námi. Skal ákvörðunin hverju sinni tilkynnt fyrir upphaf þess misseris, er prófið er haldið. Réttur stúdenta til framhaldsnáms skal miðaður við árangur 1. árs prófs eftir nánari ákvörðun deildarinnar. Ákvörðua um fjöldatakmörkun samkvæmt þessari málsgrein kemur ekki til framkvæmda nema að fengnu samþykki háskólaráðs.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 29. ágúst 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.